



Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Sölvhólsgötu 4

101 Reykjavík

Efni: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands (VFI) varðandi frumvarp um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008.

Í Samráðsgátt stjórnvalda kynnir Mennta- og menningarmálaráðuneyti til samráðs drög að frumvarpi um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008.

Tilgangurinn er að breyta aðgangsskilyrðum að háskólum fyrir nemendur sem vilja hefja nám til fyrstu háskólagráðu.

Til jafns við aðgangsskilyrði „stúdentspróf“ kemur aðgangsskilyrði um að nemendur hafi lokið „lokaprófi af þriðja hæfnisþrepi“ og er þá vísað til aðalnámskrár framhaldsskóla.

Verkfræðingafélag Íslands styður að þessi frumvarpsdrög verði að lögum.

Í tilviki nemenda sem hyggja á nám í tæknifræði eða verkfræði er mikilvægt að háskólar hafi skýrar reglur og leiðbeiningar um mikilvægi traustrar undirstöðuþekkingar í þeim námsgreinum sem viðkomandi nám byggir á.

Þá er einnig mikilvægt að háskóladeildir leiðbeini umsækjendum hvernig þeir geti bætt við sig þeirri þekkingu sem hugsanlega á vantar.

Reykjavík, 27. nóvember 2020.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.

Menntamálanefnd Verkfræðingafélags Íslands.